

Kristiansen og Tyvik A/S gegn Noregi

Dómur frá 2. maí 2013

Mál nr. 25498/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Einkaleyfisumsókn. Meðferð máls hjá stjórnvöldum. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

1. Málsatvik

Kærendur eru Arne Kristiansen, norskur ríkisborgari, fæddur árið 1931, og Tyvik A/S, norskt einkafyrirtæki. Í nóvember 1990 sendi Kristiansen norsku einkaleyfisstofunni umsókn um einkaleyfi fyrir nýrri aðferð, sem hann hafði þróað, til að knýja áfram flugvélar eða skip. Einkaleyfisstofan hafnaði loks umsókn hans um einkaleyfið í september 2008 eftir áralöng bréfaskipti milli kæranda og starfsmanna skrifstofunnar. Á tímanum frá því að umsókn Kristiansen var skilað inn og fram til úrskurðar einkaleyfisstofunnar árið 2008 hafði mál hans verið ítrekað tekið fyrir hjá áfrýjunarnefndum innan einkaleyfisstofunnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi telur að þessi langi málsmeðferðartími norsku einkaleyfisstofunnar hafi falið í sér brot gegn 6. gr. sáttmálans og jafnframt hindrað að hann gæti leitað réttar síns á grundvelli 13. gr. sáttmálans, þar sem einkaleyfi nutu aðeins 20 ára einkaleyfisverndar samkvæmt norskum lögum.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til fyrri dómafordæma sinna og taldi að 6. gr. sáttmálans gæti átt við í málinu. Í þessu máli hafi kærandi fyrst verið í aðstöðu til þess að bera lögmæti úrskurðarins og málsmeðferðarinnar undir dómstóla þegar úrskurður stofnunarinnar lá fyrir í september 2008. Það hafði einnig í för með sér að sú 20 ára einkaleyfisvernd sem norsk lög gerðu ráð fyrir hefði runnið út 2 árum eftir að úrskurðurinn lá fyrir. Þó tók dómstóllinn til greina að eðli máls samkvæmt gæti málsmeðferð í svo flóknum málaflokkum tekið umtalsverðan tíma, sérstaklega ef gera þyrfti prófanir og athuganir eins og í þessu máli. Þegar litið væri til þessa langa málsmeðferðartíma og fyrri fordæma dómstólsins, taldi hann þó að tafirnar hefðu falið í sér brot gegn 6. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var norska ríkið dæmt til að greiða kæranda 15.000 evrur í miskabætur.